



SIGLINGASTOFNUN

komudagur 21.2.2008

Alþingi
Sigrún Brynja Einarsdóttir
Við Austurvöll
150 Reykjavík

Kópavogi, 19.02.2008
Tilv. 023
HJ

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aukna samvinnu og samráð um öryggis- og björgunarmál milli Vestur-Norðurlandanna og við önnur ríki við Norður-Atlantshaf.

Siglingastofnun vísar til bréfs utanríkismálanefndar Alþingis dags. 7. febrúar 2008, þar sem stofnuninni er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um aukna samvinnu og samráð um öryggis- og björgunarmál milli Vestur-Norðurlandanna og við önnur ríki við Norður-Atlantshaf, 274. mál.

Efni tillögunar er í samræmi við það sem gert hefur verið og er að gerast í samvinnu þjóða við Norður-Atlantshaf, sérstaklega í upplýsingamiðlun. Siglingastofnun hefur gert samkomulag við systurstofnun sína í Noregi, Kystverket, um gagnkvæma miðlun upplýsinga úr landstöðvum sjálfvirks auðkenniskerfis skipa (AIS) og fyrir liggja drög að samningi við Farvandsvæsenet í Danmörku um miðlun AIS upplýsinga fyrir Ísland, Grænland og Færeyjar. Í aprílmánuði er fyrirhugaður fundur í Kaupmannahöfn með þátttöku Íslands, grænlandsku heimastjórnarinnar, Noregs, Kanada, Rússlands og Bandaríkjanna ásamt Evrópusambandinu um samstarf er varðar öryggi siglinga á heimskautssvæðum með áherslu á siglingar farþegaskipa.

F.h. Siglingastofnunar Íslands,

Hermann Guðjónsson,
siglingamálastjóri